

Viðauki V: Samantekt á innsendum umsögnum um tillögur vinnuhópsins

Nánari umfjöllun um samráðsferlið er að finna í kaflanum „Inngangur – Samráðsferli“. Hér er efni umsagnanna tekið saman og flokkað eftir efni.

Tafla 5. Yfirlit yfir efni umsagna um drög að tillögum vinnuhópsins úr samráðsgátt stjórnvalda

Efnisatriði	Umsögn	Umsagnar- aðili/-ar
Um vinnuhópinn	- Vantar fulltrúa náttúruverndarsamtaka - Hefði mátt hafa fulltrúa náttúruverndarsamtaka og Slysavarnafélagsins Landsbjargar í hópnum	1, 5
Nafn á kerfið	Stígur (e. Trail)	1
Um sjálft kerfið	- Frumkvæði að aðild að kerfinu – einkennilegt að það eigi að koma frá umsýðaraðilum - Lítið talað um landeigendur - Nauðsynlegt að tryggja eftirfylgni til lengri tíma og tryggja til þess fjármagn og mannskap. Mikilvægt að skýrar reglur, svo og innviðir, séu til staðar til að tryggja þessi atriði á landsvísu - Tryggja að umsýðaraðilar hafi á að skipa faglegri þekkingu til að marka stefnu um magn og umfang innviða eða standi til boða viðeigandi leiðsögn og stuðningur hvað það varðar.	1, 3, 5
Flokkun gönguleiða	- Sýnileiki gönguleiða í landslagi – ættu ekki alltaf að þurfa að vera sýnilegar/stikaðar. Mikilvægt að hrekja ekki náttúruferðamenn (púrista) frá með innviðauppbyggingu - Landupplýsingar – vantar umfjöllun; góðir ferlar geta komið í stað stikunar. Einn flokkurinn gæti miðast eingöngu við að leiðin sé skilgreind í LUK-kerfi á netinu sem notað er til að rata með.	1, 5
Ástandsmat og vöktun	- Þetta er forsenda þess að hægt sé að fara í verkefnið - Minjastofnun þarf að koma að mati á ástandi minja við gönguleiðir og mögulegum mótvægisáðgerðum vegna þeirra	1, 2

Efnisatriði	Umsögn	Umsagnar- aðili/-ar
Aðgengi að upplýsingum	- Vantar umfjöllun um landupplýsingagögn - Vantar umfjöllun um fjarskiptasamband - Vantar umfjöllun um hvort eitthvað beri sérstaklega að varast á leiðinni (veðurfar til fjalla, erfiðar brekkur o.s.frv.)	1, 5
Öryggismál	- Mikilvægt að hugað verði að merkingum og öryggismálum sem almennt tengjast gönguleiðum - Hafa í huga þegar ákvörðun um merkingu gönguleiðar er tekin að þegar leið er stikuð kallar hún til sín óvanara fólk en áður. Nauðsynlegt að uppfæra öryggismál í samræmi við þann gestahóp sem sækir svæðið heim - Meginkrafa að séu leiðir yfirborðsmerktar á annað borð séu vegprestar við gatnamót og þeim haldið vel við	4, 5
Samband merkinga og upplifunar	Nauðsynlegt að hafa í huga hvernig innviðir breyta upplifun gesta og að mismunandi ferðamenn sækjast í mismunandi svæði	5
Lagning og viðhald gönguleiða	Vel þarf að huga að því að stígar liggi vel að landi, ofaníburður (ef um ræðir) sé í takt við efnið í kring og leiðarval ábyrgt m.t.t. náttúru og öryggis	5

Umsagnaraðilar:

#1: Sævar Þór Halldórsson

#2: Minjastofnun Íslands

#3: Skagafjörður

#4: Slysavarnafélagið Landsbjörg

#5: Ingibjörg Eiríksdóttir